

# Gagnaveita Reykjavíkur ehf.

## Ársreikningur 2020

Gagnaveita Reykjavíkur ehf.  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík

kt. 691206-3780

# Efnisyfirlit

---

|  | Bls. |
|--|------|
| Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra ..... | 3    |
| Áritun óháðra endurskoðenda .....          | 4    |
| Rekstrarreikningur .....                   | 6    |
| Efnahagsreikningur .....                   | 7    |
| Eiginfjárfirlit .....                      | 8    |
| Sjóðstreymisyfirlit .....                  | 9    |
| Skýringar .....                            | 10   |

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Gagnaveita Reykjavíkur ehf. er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Fyrirtækið er sjálfstætt fjarskiptafyrirtæki sem rekur fjarskiptakerfi til gagnaflutninga á þjónustusvæði sínu.

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2020 er 47,3 (2019: 56,8 ársverk).

Hagnaður af rekstri Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. á árinu 2020 nam 320,9 milljónum kr. (2019: hagnaður að fjárhæð 359,4 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins í lok árs 23.355 milljónum króna (31.12.2019: 22.686 milljónir kr.). Eigið fé nam 8.290 milljónum kr. í lok árs (31.12.2019: 7.969 milljónir kr.) og er eiginfjárlutfall félagsins 35,5% (31.12.2019: 35,1%).

Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur í lok árs eins og í ársbyrjun.

Félagið mun ekki greiða arð til eigenda á árinu 2021 vegna rekstrar ársins 2020. Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Áherslur félagsins vegna COVID-19 hafa beinst að öryggi og velferð starfsfólks og viðskiptavina samhliða því að tryggja rekstrarsamfellu þannig að sem minnst truflun verði á þjónustu félagsins. Mikilvægt er að allir sameinist um að lágmarka hættu á smiti og því nauðsynlegt að draga sem allra mest úr samgangi á milli starfssvæða innan húsnæðis. Allt stafsfolk sem hefur getað sinnt starfi sínu í fjarvinnu hefur unnið heima meginhluta ársins. Áhrif faraldursins hafði hverfandi áhrif á tekjur félagsins þar sem aukin þörf er fyrir góð og örugg gagnasamskipti með breyttum aðstæðum á árinu.

Félagið nýtti sér ekki úrræði stjórnvalda varðandi þátttöku í launakostnaði á uppsagnarfresti, vegna minnkunar á starfshlutfalli, eða önnur úrræði til þess að létta undir með fyrirtækjum sem urðu fyrir skakkaföllum vegna faraldursins.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu 2020.

Stjórn og framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. staðfesta hér með ársreikningur félagsins fyrir árið 2020.

Reykjavík, 19 febrúar 2021

Í stjórn félagsins:

*Pálmi Símonarson*

*Ingvar Stefánsson*

*Magnús Hauksson*

*Edda Sif Pind Aradóttir*

*Birna Bragadóttir*

Framkvæmdastjóri:

*Erling Freyr Guðmundsson*

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

Til stjórnar og hluthafa Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.

## Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

## Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda, frh.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirliti sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álitum okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.  
Reykjavík, 19 febrúar 2021

---

**Davíð Arnar Einarsson**  
**Löggiltur endurskoðandi**

# Rekstrarreikningur 2020

|   | Skýr. | 2020                  | 2019                  |
|---|-------|-----------------------|-----------------------|
| Rekstrartekjur .....                                    |       | 3.109.609             | 3.133.955             |
| Laun og launatengd gjöld .....                          | 3     | ( 253.963)            | ( 287.049)            |
| Annar rekstrarkostnaður .....                           |       | ( 693.644)            | ( 729.215)            |
| <b>Rekstrarkostnaður samtals</b> .....                  |       | ( 947.608)            | ( 1.016.264)          |
| <b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b> ..... |       | <u>2.162.001</u>      | <u>2.117.691</u>      |
| Afskriftir .....  | 6     | ( 1.044.010)          | ( 895.856)            |
| <b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b> .....                    |       | <u>1.117.991</u>      | <u>1.221.836</u>      |
| Vaxtatekjur .....                                       |       | 684                   | 8.618                 |
| Vaxtagjöld .....  |       | ( 717.912)            | ( 814.992)            |
| Gengismunur .....                                       |       | 419                   | 1.136                 |
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals</b> .....   |       | ( 716.809)            | ( 805.238)            |
| <b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....                  |       | 401.182               | 416.597               |
| Tekjuskattur .....                                      | 5     | ( 80.240)             | ( 57.241)             |
| <b>Hagnaður ársins</b>                                  |       | <u><u>320.942</u></u> | <u><u>359.357</u></u> |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

|  | Skýr. | 2020       | 2019       |
|--|-------|------------|------------|
| <b>Eignir</b>                                |       |            |            |
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....           | 6     | 22.817.809 | 21.996.831 |
| Fjárfestingabirgðir .....                    |       | 14.750     | 16.188     |
| Fastafjármunir samtals                       |       | 22.832.559 | 22.013.019 |
| Viðskiptakröfur .....                        | 8     | 423.319    | 442.566    |
| Aðrar skammtímakröfur .....                  | 8     | 68.433     | 146.094    |
| Handbært fé .....                            | 9     | 30.221     | 84.467     |
| Veltufjármunir samtals                       |       | 521.973    | 673.127    |
| <b>Eignir samtals</b>                        |       | 23.354.532 | 22.686.145 |
| <b>Eigið fé</b>                              |       |            |            |
| Hlutfé .....                                 |       | 6.500.000  | 6.500.000  |
| Endurmatsreikningur .....                    |       | 870.456    | 898.164    |
| Lögbundinn varasjóður .....                  |       | 109.588    | 77.494     |
| Óráðstafað eigið fé .....                    |       | 809.854    | 493.298    |
| <b>Eigið fé samtals</b>                      |       | 8.289.898  | 7.968.956  |
| <b>Skuldir</b>                               |       |            |            |
| Vaxtaberandi skuldir .....                   | 10    | 12.803.716 | 12.462.394 |
| Tekjuskattsskuldbinding .....                | 7     | 560.648    | 480.408    |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals    |       | 13.364.365 | 12.942.802 |
| Viðskiptaskuldir .....                       | 11    | 156.376    | 406.523    |
| Aðrar skammtímaskuldir .....                 | 11    | 262.477    | 222.116    |
| Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda ..... | 10    | 1.281.415  | 1.145.748  |
| Skammtímaskuldir samtals                     |       | 1.700.269  | 1.774.387  |
| <b>Skuldir samtals</b>                       |       | 15.064.633 | 14.717.189 |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>           |       | 23.354.532 | 22.686.145 |

# Eiginfjáryfirlit 2020

| Árið 2020                                    | Hlutafé   | Sérstakur<br>endurmats-<br>reikningur | Lögbundinn<br>varasjóður | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals<br>eigið fé |
|--|-----------|---------------------------------------|--------------------------|------------------------|---------------------|
| Eigið fé 1. janúar 2020 .....                | 6.500.000 | 898.164                               | 77.494                   | 493.298                | 7.968.956           |
| Innlausn endurmats vegna afskrifta .....     |           | ( 34.635)                             |                          | 34.635                 | 0                   |
| Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats ..... |           | 6.927                                 |                          | ( 6.927)               | 0                   |
| Framlag í lögbundinn varasjóð .....          |           |                                       | 32.094                   | ( 32.094)              | 0                   |
| Hagnaður ársins .....                        |           |                                       |                          | 320.942                | 320.942             |
| Eigið fé 31. desember 2020 .....             | 6.500.000 | 870.456                               | 109.588                  | 809.854                | 8.289.898           |
| <b>Árið 2019</b>                             |           |                                       |                          |                        |                     |
| Eigið fé 1. janúar 2019 .....                | 6.500.000 | 927.760                               | 41.558                   | 140.281                | 7.609.599           |
| Innlausn endurmats vegna afskrifta .....     |           | ( 36.995)                             |                          | 36.995                 | 0                   |
| Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats ..... |           | 7.399                                 |                          | ( 7.399)               | 0                   |
| Framlag í lögbundinn varasjóð .....          |           |                                       | 35.936                   | ( 35.936)              | 0                   |
| Hagnaður ársins .....                        |           |                                       |                          | 359.357                | 359.357             |
| Eigið fé 31. desember 2019 .....             | 6.500.000 | 898.164                               | 77.494                   | 493.298                | 7.968.956           |



# Sjóðstreymisýfirlit 2020

|  | Skýr. | 2020       | 2019         |
|--|-------|------------|--------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                          |       |            |              |
| Hagnaður ársins .....                              |       | 320.942    | 359.357      |
| Leiðrétt fyrir:                                    |       |            |              |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....             |       | 716.809    | 805.238      |
| Tekjuskattur .....                                 | 5     | 80.240     | 57.241       |
| Afskriftir .....                                   | 6     | 1.044.010  | 895.856      |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta             |       | 2.162.001  | 2.117.691    |
| Skammtímakröfur, lækkun .....                      |       | 84.777     | 85.794       |
| Skammtímaskuldir, lækkun .....                     | (     | 92.223)    | ( 21.814)    |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta         |       | 2.154.555  | 2.181.671    |
| Innborgaðar vaxtatekjur .....                      |       | 684        | 8.618        |
| Greidd vaxtagjöld .....                            | (     | 533.182)   | ( 660.632)   |
| Handbært fé frá rekstri                            |       | 1.622.057  | 1.529.657    |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                     |       |            |              |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....   | (     | 1.968.350) | ( 2.978.924) |
| Fjárfestingabirgðir .....                          |       | 1.438      | 39.343       |
| Fé í ávöxtun hjá tengdum félögum, breyting .....   | 9     | 11.485     | 56.700       |
| Fjárfestingarhreyfingar                            | (     | 1.955.427) | ( 2.882.881) |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                      |       |            |              |
| Afborgun lána við lánastofnanir .....              | (     | 1.150.876) | 0            |
| Tekin ný langtímalán .....                         |       | 1.430.000  | 1.400.000    |
| Fjármögnunarhreyfingar                             |       | 279.124    | 1.400.000    |
| (Lækkun) hækkun á handbæru fé .....                | (     | 54.246)    | 46.776       |
| Handbært fé í ársbyrjun .....                      |       | 84.467     | 37.691       |
| Handbært fé í árslok .....                         |       | 30.221     | 84.466       |
| <b>Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa</b> |       |            |              |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....   |       | 103.362    | ( 126.848)   |
| Skammtímaskuldir, breyting .....                   | (     | 103.362)   | 126.848      |
| <b>Aðrar upplýsingar</b>                           |       |            |              |
| Veltufé frá rekstri .....                          |       | 1.643.058  | 1.466.155    |
| Veltufé frá rekstri greinist þannig:               |       |            |              |
| Hagnaður ársins .....                              |       | 320.942    | 359.357      |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:   |       |            |              |
| Afskriftir .....                                   |       | 1.044.010  | 895.856      |
| Verðbætur langtímalána .....                       |       | 197.866    | 153.702      |
| Tekjuskattsskuldbinding .....                      |       | 80.240     | 57.241       |
| Veltufé frá rekstri .....                          |       | 1.643.058  | 1.466.155    |

# Skýringar

## 1. Félagið

Gagnaveita Reykjavíkur ehf. er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið rekur fjarskiptakerfi til gagnaflutninga og er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og er hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitunnar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst í skýringu 15.

### b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir hafa verið endurmetnir til gangvirðis.

### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Reikningsskil félagsins eru gerð í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill þess. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er að finna í skýringu 6 um varanlega rekstrarfjármuni. Einnig er í skýringu 7 umfjöllun um mat á tekjuskattskuldbindingu félagsins.

## 3. Laun og launatengd gjöld

|  | 2020    | 2019    |
|--|---------|---------|
| Laun .....                             | 572.046 | 630.458 |
| Mótframlag í lífeyrissjóði .....       | 74.891  | 83.128  |
| Önnur launatengd gjöld .....           | 52.444  | 59.983  |
| Laun og launatengd gjöld samtals ..... | 699.381 | 773.569 |

Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í ársreikninginn:

|  |         |         |
|--|---------|---------|
| Gjaldfært í rekstrarreikningi .....    | 253.963 | 287.049 |
| Eignfært á framkvæmdir .....           | 445.418 | 486.520 |
| Laun og launatengd gjöld samtals ..... | 699.381 | 773.569 |

Starfsmannafjöldi:

|                       |      |      |
|-----------------------|------|------|
| Fjöldi ársverka ..... | 47,3 | 56,8 |
|-----------------------|------|------|

Laun stjórnenda:

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu 2020 námu 30,9 milljónum kr. (2019: 31,9 milljónir kr.)

# Skýringar

## 4. Þóknun greidd til endurskoðanda

|   | 2020  | 2019  |
|---|-------|-------|
| Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar ársuppgjöra ..... | 1.447 | 1.669 |
| Samtals þóknun greidd til endurskoðanda .....                         | 1.447 | 1.669 |

## 5. Tekjuskattur

|  | 2020   | 2019   |
|--|--------|--------|
| <b>Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:</b> |        |        |
| Breyting á frestuðum tekjuskatti .....                         | 80.240 | 57.241 |
| Gjaldfærður tekjuskattur .....                                 | 80.240 | 57.241 |

### Virkt skatthlutfall greinist þannig:

|   | 2020         | 2019            |
|---|--------------|-----------------|
| Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt .....              | 401.182      | 416.597         |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli ..... | 20,0% 80.236 | 20,0% 83.319    |
| Bakfærð áður færð niðurfærsla                       |              |                 |
| á yfiræranlegu tapi .....                           | 0,0% 0 (     | 6,3%) ( 26.082) |
| Aðrir liðir .....                                   | 0,0% 4       | 0,0% 4          |
| Virkur tekjuskattur .....                           | 20,0% 80.240 | 13,7% 57.241    |

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

|   | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|------------|------------|
| <b>Gagnaveitukerfi</b>                            |            |            |
| <b>Heildarverð</b>                                |            |            |
| Staða í ársbyrjun .....                           | 29.746.992 | 26.641.220 |
| Viðbætur á árinu .....                            | 1.864.988  | 3.105.772  |
| Staða í árslok .....                              | 31.611.980 | 29.746.992 |
| <b>Afskriftir</b>                                 |            |            |
| Staða í ársbyrjun .....                           | 7.750.161  | 6.854.306  |
| Afskrifað á árinu .....                           | 1.044.010  | 895.856    |
| Staða í árslok .....                              | 8.794.171  | 7.750.161  |
| <b>Bókfært verð</b>                               |            |            |
| Bókfært verð í ársbyrjun .....                    | 21.996.831 | 19.786.915 |
| Bókfært verð í árslok .....                       | 22.817.809 | 21.996.831 |
| <b>Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok</b> |            |            |
| Endurmetið bókfært verð .....                     | 22.817.809 | 21.996.831 |
| Þar af áhrif endurmats .....                      | 1.088.070  | 1.122.706  |
| Bókfært verð án endurmats .....                   | 21.729.739 | 20.874.125 |

Í lok desember 2015 var síðast framkvæmt endurmat á gagnaveitukerfinu.

Vátryggingaverðmæti eigna félagsins er 20.053 milljónir kr. í árslok 2020 (2019: 20.053 milljónir kr.)

# Skýringar

## 7. Tekjuskattsskuldbinding

|   | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|------------|------------|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun ..... | 480.408    | 423.167    |
| Reiknaður tekjuskattur ársins .....       | 80.240     | 57.241     |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....    | 560.648    | 480.408    |

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

|   | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|------------|------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....              | ( 595.286) | ( 570.983) |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur .....           | 2.860      | 1.780      |
| Frestaður gengismunur .....                     | ( 132)     | 32         |
| Yfirfæranlegt tap .....                         | 31.910     | 113.468    |
| Samtals tekjuskattsskuldbinding .....           | ( 560.648) | ( 455.702) |
| Breyting á niðurfærsla yfirfæranlegs taps ..... | 0          | ( 24.706)  |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....          | ( 560.648) | ( 480.408) |

Félagið er ekki samskattað með móðurfélagi sínu.

Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndaðist fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

|   | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|------------|------------|
| Ójafnað skattalegt tap ársins 2009, nýtanlegt til ársins 2019 ..... | 0          | 123.530    |
| Ójafnað skattalegt tap ársins 2016, nýtanlegt til ársins 2026 ..... | 0          | 205.368    |
| Ójafnað skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársins 2027 ..... | 159.548    | 238.443    |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok .....                         | 159.548    | 567.342    |
| Ójafnað skattalegt tap ársins 2009 sem hefur verið niðurfært .....  | 0          | 123.530    |
| Samtals ójafnað skattalegt tap sem hefur verið niðurfært .....      | 0          | 123.530    |

## 8. Aðrar peningalegar eignir

| Viðskiptakröfur greinast þannig í árslok:                | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|--|------------|------------|
| Viðskiptakröfur .....                                    | 437.619    | 451.466    |
| Óbein niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast ..... | ( 14.300)  | ( 8.900)   |
|  | 423.319    | 442.566    |

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig í árslok:

|                                   |        |         |
|-----------------------------------|--------|---------|
| Kröfur á tengda aðila .....       | 28.975 | 41.106  |
| Fjármagnstekjuskattur .....       | 409    | 784     |
| Inneign virðisaukaskatts .....    | 0      | 29.870  |
| Fyrirframgreiddur kostnaður ..... | 38.741 | 74.265  |
| Aðrar kröfur .....                | 309    | 69      |
|                                   | 68.433 | 146.094 |

# Skýringar

## 9. Handbært fé

Handbært fé í árslok samanstendur af bankainnstæðum.

Félagið hefur gert samning við móðurfyrirtæki sitt um ávöxtun á lausu fé án bindingar. Krafa á móðurfyrirtækið vegna fjár í ávöxtun í árslok nemur 29 milljónum kr. (31.12.2019: 41 milljónir kr.) og er færð á meðal skammtímakrafna í efnahagsreikningi.

## 10. Vaxtaberandi skuldir

Upplýsingar um lántökur félagsins sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

|  | 31.12.2020   | 31.12.2019   |
|--|--------------|--------------|
| <b>Langtímaskuldir</b>                             |              |              |
| Vaxtaberandi skuldir frá lánastofnunum í ISK ..... | 14.085.132   | 13.608.142   |
| Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda .....       | ( 1.281.415) | ( 1.145.748) |
| Langtímahluti vaxtaberandi skulda .....            | 12.803.716   | 12.462.394   |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                            |              |              |
| Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda .....       | 1.281.415    | 1.145.748    |
|  | 1.281.415    | 1.145.748    |
| Vaxtaberandi skuldir samtals .....                 | 14.085.132   | 13.608.142   |
| Skilmálar vaxtaberandi skulda:                     |              |              |
| Verðtryggðar skuldir.....                          | 5.715.567    | 5.908.142    |
| Óverðtryggðar skuldir.....                         | 8.369.565    | 7.700.000    |
|  | 14.085.132   | 13.608.142   |
| Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:        |              |              |
| Árið 2021.....                                     | 1.281.415    | 1.145.748    |
| Árið 2022.....                                     | 1.292.529    | 1.231.304    |
| Árið 2023.....                                     | 1.292.529    | 1.239.082    |
| Árið 2024.....                                     | 1.292.529    | 1.239.082    |
| Árið 2025.....                                     | 2.642.529    | 1.239.082    |
| Síðar.....   | 6.283.602    | 7.513.844    |
|  | 14.085.132   | 13.608.142   |

## 11. Aðrar skuldir

|  | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|--|------------|------------|
| Aðrar skuldir greinast þannig í árslok:  |            |            |
| Viðskiptaskuldir:                        |            |            |
| Innlendar viðskiptaskuldir .....         | 156.376    | 406.523    |
| Aðrar skammtímaskuldir:                  |            |            |
| Skuldir við tengd félög .....            | 34.976     | 35.622     |
| Fyrirfram innheimtar tekjur .....        | 3.365      | 3.536      |
| Ógreidd laun og launatengdir liðir ..... | 137.393    | 134.077    |
| Ógreiddir áfallnir vextir .....          | 32.612     | 45.748     |
| Ógreiddur virðisaukaskattur .....        | 51.021     | 0          |
| Ógreidd opinber gjöld .....              | 3.109      | 3.134      |
|  | 262.477    | 222.116    |

# Skýringar

## 12. Viðskipti við tengda aðila

### Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

### Viðskipti við tengda aðila

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

|  | 2020                | 2019              |
|--|---------------------|-------------------|
| <b>Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:</b>                      |                     |                   |
| Sala til félaga og stofnana í samstæðu Reykjavíkurborgar.....                | 37.571              | 35.230            |
| Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....                         | 32.921              | 22.291            |
|  | <u>70.493</u>       | <u>57.521</u>     |
| <b>Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:</b> |                     |                   |
| Kaup af félögum og stofnunum í samstæðu Reykjavíkurborgar.....               | 7.161 (             | 10.313)           |
| Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....     | ( 623.265) (        | 768.753)          |
|  | <u>( 616.104)</u> ( | <u>779.066)</u>   |
| Vaxtatekjur vegna kröfu á móðurfyrirtæki.....                                | 11                  | 7.399             |
| Vaxtagjöld vegna skulda við móðurfyrirtæki.....                              | ( 873)              | 0                 |
|  | <u>( 862)</u>       | <u>7.399</u>      |
|  | <b>31.12.2020</b>   | <b>31.12.2019</b> |
| <b>Kröfur á tengd félög</b>  |                     |                   |
| Krafa á félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar.....                 | 3.332               | 3.056             |
| Krafa á móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....                               | 28.975              | 41.106            |
|  | <u>28.975</u>       | <u>41.106</u>     |
| <b>Skuldir við tengd félög</b>   |                     |                   |
| Skuld við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar.....               | 8.895               | 8.773             |
| Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....                             | 29.433              | 30.656            |
| Skuld við systurfélag, Veitur ohf.....                                       | 4.424               | 3.597             |
| Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.....                             | 1.119               | 1.368             |
|  | <u>34.976</u>       | <u>35.622</u>     |

Upplýsingar um laun stjórnenda má finna í skýringu 3.

Kröfur og skuldir við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar eru meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í efnahagsreikningi.

Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtaldar.

# Skýringar

---

## 13. Önnur mál

### Atburðir eftir reikningsskiladag

Þann 5. mars 2019 sendi lögmaður Gagnaveitu Reykjavíkur Símanum hf. kröfu um fébætur vegna tjóns sem fyrirtækið telur sig hafa orðið fyrir vegna brots á fjölmiðlalögum, sem Póst- og fjarskiptastofnun birti ákvörðun um þ. 3. júlí 2018. Nemur krafan um 1,3 milljarði króna vegna tapaðra tekna, kostnaðar og vaxta. Óskað var formlegra viðbragða frá Símanum. Framangreindu bréfi svöruðu lögmennt Símans með bréfi dags. 19. mars 2019 þar sem Síminnt hafnaði kröfunni alfarið. Síminnt hf. höfðaði dómsmál á hendur Póst- og fjarskiptastofnun, Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., Sýn hf. og Mílu ehf. vegna ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar um lögbrotið. Dómur héraðsdóms var kveðinn upp þann 1. júlí 2020, þar sem ákvörðun PFS var staðfest, þó með nokkrum breytingum á forsendum. Málinu var áfrýjað til Landsréttar af Símanum hf., Póst- og fjarskiptastofnun og Sýn hf. og bíður þar nú meðferðar.

Ekkert hefur verið fært vegna þessarar kröfu í ársreikning félagsins fyrir árið 2020.

### Covid-19

Faraldur COVID-19 sem geisað hefur á árinu 2020 hefur haft áhrif á efnahagslíf Íslands og alls heimsins. Faraldurinn hefur haft óveruleg áhrif á rekstur félagsins. Sjóðsstaða þess er sterk um þessar mundir og félagið er vel rekstrarhæft og getur vel tekið á sig áföll um fyrirsjáanlega framtíð.

Félagið hefur ekki þegið neina opinbera styrki eða nýtt önnur úrræði stjórnvalda vegna COVID-19. Þá hefur ekki verið endursamið um neina lánaskilmála vegna faraldursins. Áhrif hans á fjármálagerninga félagsins, virðisrýmun eigna og gangvirðismat eigna og skulda ógna ekki rekstri eða efnahag félagsins um fyrirsjáanlega framtíð.

# Skýringar

## 14. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

### a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi og miðar félagið við miðgengi í dagslok skv. Seðlabanka Íslands. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

### b. Tekjur

Tekjur eru skráðar þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda og eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

### c. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### i) Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálf innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Gagnaveitukerfið er skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þess á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlaun endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Gangvirði eignanna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnsverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á kostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning er stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi Gagnaveitunnar um verðbreytingar á kostnaðarliðum og tekið tillit til áætlunar um vægi hvers kostnaðarliðar í heildarkostnaði við byggingu samskonar eigna. Kostnaðarliðir og hlutfallslegt vægi þeirra var ákvarðað af sérfræðingum Gagnaveitunnar.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

#### ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

#### iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Gagnaflutningskerfi ..... 9 - 46 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.



# Skýringar

---

## 14. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### c. *Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.*

#### iv) *Virðisrýrnun*

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð er metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði er ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eignanna. Fjárstreymi er byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlun um framtíðar þróun starfseminnar, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 6 um varanlega rekstrarfjármuni.

### d. *Viðskiptakröfur*

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri tapsáhættu félagsins en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### e. *Skuldbindingar*

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar fyrirtækinu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvæxti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

### f. *Tekjuskattur*

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 20% vegna ársins 2020.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.